



FRÉTTABLAÐIÐ



Þeir leikmenn íslenska kvennalandsliðsins sem léku í jafnteflinu gegn Belgum á EM um helgina tóku léttu æfingu í gær en hinar í hópnum tóku á því af krafti. Næst leikur íslenska liðið á fimmtudag við Ítali sem voru kjöldregnir gegn feiknaröflugu liði Frakká í fyrstu umferð. Á mánudaginn kemur bíður síðan Frakkland í lokaumferðinni er í ljós kemur hvaða lið komast áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Vindmylluver á við Kárahnjúkavirkjun

Áætlanir um vindorku eru umdeildar. Samorka segir hana sjálfsagða viðbót. Gæti gegnt lykilhlutverki í grænni orku. Eyðilegging, segja sumir.

bth@frettabladid.is

ORKUMÁL Stærstu áætlanir um vindmyllur í Dalabyggð gera ráð fyrir að tveir vindorkugarðar gætu framleitt 300–400 megavött af rafmagni við hámarksafköst.

Til samanburðar skilar Kárahnjúkavirkjun 690 megavöttum af uppsettu afli. Í fyrsta skipti í sögu íslenskra sveitarfélaga hafa Dalamenn samþykkt breytingu á aðalskipulagi undir vindorkuver fyrir almennan markað.

Skiptar skoðanir eru um hvort vindmyllur eyðileggi íslenska náttúru eða séu grænn og sjálfsagður orkukostur. Spáðarnir í hæstu stöðu gætu farið í 200 metra hæð, eða þrefalda hæð Hallgrímskirkju.

Finnur Beck, forstöðumaður málefna starfs hjá Samorku, segir vindorkunýtingu sjálfsagða viðbót við þá endurnýjanlegu orkukosti sem nýttir eru í dag. Hún geti gegnt lykilhlutverki í að uppfylla þarfir fyrir græna orku.

„Á heimsvísu lækkaði veginn meðalkostnaður á framleidda megavattstund með vindorku á landi um 56 prósent milli árunna 2010 og 2020,“ segir Finnur.

Auður Önnu Magnúsdóttir, formaður Landverndar, er efins um



Eyjólfur Bjarnason, oddviti Dalabyggðar

beislun vinds í miklum mæli.

„Ég held að fólk geri sér ekki grein fyrir hversu gríðarleg mannvirki þetta eru,“ segir Auður og leggur áherslu á að eyðilegging náttúrunnar yrði mjög mikil. Hún segir Ísland eiga að nýta græna orku í orkuskipti og slökkva á álverum. „Við myndum gera mest gagn með því að sýna umheiminum hvernig kolefnislaust samfélag virkar.“

Félögin Quadran og Storm Orka vilja bæði reisa vindorkuver í Dalabyggð.

Eyjólfur Bjarnason, oddviti Dalabyggðar, segir vindorkuna langt í frá vera í höfn þar í héraðinu þó að Skipulagsstofnun hafi samþykkt aðalskipulagsbreytingu sveitarfélagsins vegna tveggja vindorkuvera.

Sjálfur kveðst Eyjólfur beggja blands, en þekktir vindstrengir liggja um héraðið og í nálægð við flutningskerfi Landsnets.

„Hér er ríkjandi norðanátt, við tölum oft um Húnaflóarokið, það sem kemur úr Hrítafirðinum og fer hér yfir,“ segir Eyjólfur.

Næsta skref í vindorkumálum í Dalabyggð bíður afgreiðslu ramma-áætlunar. **SJÁ SÍÐU 8**

Evrópa marki sér stöðu heimsveldis

UTANRÍKISMÁL Rússar standa frammi fyrir vali milli þess að heyja stríð eða bjarga efnahag landsins.

Þetta segir Josep Borrell, utanríkisráðgjafi Evrópusambandsins, í grein sinni í Fréttablaðinu í dag.

Borell segir einu varanlegu lausnina á vandanum sem steðjar að alþjóðlegum orku- og matvæla-mörkuðum vera að binda enda á stríðið og að það geti einungis orðið ef Rússar draga herlið sitt frá Úkraínu.

Að sögn Borells er brýnt að Evrópa taki sér stöðu sem eitt heimsveldanna. Með viðbrögðum við innrásinni láti Evrópa verkin tala og sýni að hún geti svarað fyrir sig þegar henni er ögrað. **SJÁ SÍÐU 11**

Škoda Kodiaq Vinsæli ferðafélaginn!

Fjór hjóladrífinn, mjög vel útbúinn með 2.5 tónna dráttargetu

Verð frá 7.590.000 kr. — Eigum nokkra lausa bíla á lager!

Hekla Laugavegi 174, 105 Rvk. — www.hekla.is/skodasalur





Útför í Srebrenica. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Grófu fórnarlömb þjóðarmorðsins í Srebrenica

sigurjon@frettabladid.is

BOSNÍA Þúsundir komu saman við minningarathöfn sem haldin var þegar fimmtíu þeirra sem létu lífið í Srebrenica-þjóðarmorðinu í Bosníu fyrir 27 árum voru loksins jörðuð. Líkamsleifar fólksins fundust í fjöldagröf sem grafin var árið 1995.

Þessi fimmtíu voru jörðuð þar sem tæplega sjö þúsund önnur sem létu lífið í þjóðarmorðinu eru einnig jörðuð. Þjóðarmorðið er það versta í Evrópu frá seinni heimsstyrjöld.

Í Srebrenica-þjóðarmorðinu héldu Bosníuserbar inn í bæinn Srebrenica og tóku af lífi um átta þúsund bosníska múslima sem flestir voru á aldrinum sextán til sextíu ára.

Almenningi var þá sagt að óttast ekki er hersveitir færðu sig inn í bæinn. Fjöldamorðin stóðu yfir í tíu daga en fríðargæsluliðar á vegum Sameinuðu þjóðanna og Hollands gerðu lítið sem ekkert til að stöðva ódæðið. ■

Litadýrð við Arnarhól



Gróðursetning blóma heldur áfram í höfuðborginni en starfsmenn Reykjavíkurborgar sjást hér hlúa að beðum við Arnarhól. Litskrúðug blóm munu skreyta borgina fram á haustið, gestum og gangandi til mikillar ánægju.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓUR

Í lestarvögnum við heimskautsbaug

thorgrimur@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Brátt verða lestarsamgöngur að veruleika á Íslandi, þótt lestin fari ekki víða. Kríuveitingar ehf. í Grímsey hafa keypt litla farþegalest sem mun fara með gesti í ferðir umhverfis eyjuna.

Lestin var áður í eigu Eysteins Yngvasonar, sem notaði hana í Viðey á meðan hann rak Viðeyjarferjuna.

„Við sáum lestina auglýsta til sölu og okkur fannst hún sniðug fyrir Grímsey, þar sem það er mikið af skemmtiferðaskipum og farþegum sem kemur á eyjuna,“ sagði Unnur Ingólfssdóttir, sem rekur veitingastaðinn Kríuna. „Það eru ótrúlega margir sem eiga erfitt með gang og annað.“

Lestin er með tveimur vögnum og tekur fimmtíu farþega. Unnur segist búast við því að lestin verði vel notuð því að stundum komi tvö skemmtiferðaskip samtímis til Grímseyjar



Lestin sem var áður í Viðey er nú í Grímsey. MYND/EYSTEINN YNGVASON

og eru þá allt að 500 manns á eyinni. Lestin er á gúmmihjólum og þarfnast því ekki teina. „Það mætti bara laga aðeins holurnar í götunni.“

Eyjólfur, sem rak Grímseyjarferjuna um skeið, segir lestina hafa verið bæði gagnlegt og skemmtilegt stemningstæki í Viðey og hafi sér í lagi hjálpað eldra fólki sem átti erfitt með að ganga á grófum vegi þar.

„Þetta var allt mjög erfitt fyrir fólk sem var orðið fullorðið.“ ■

Emilía og Grettir brugðust við bráðum trúðaskorti Íra

Ungmennin Emilía og Grettir eru langt komin með að klára trúðanámi á Írlandi. En þau fóru þangað eftir að hafa lesið fréttir um trúðaskort.

kristinnhaukur@frettabladid.is

SAMFÉLAG Emilía Bergsdóttir og Grettir Valsson ákváðu að rétta hjálparhönd er þau sáu fréttir af skæðum trúðaskorti á Írlandi. Þau útskrifast brátt sem trúðar frá skóla í bænum Navan, norðvestan af Dyflinni, höfuðborg Írlands. „Við sáum þessa frétt og ákváðum að skella okkur. Það vantaði trúða á Írlandi út af Covid,“ segir Emilía. „Ef það er eitthvað sem við getum bjargað þá er það þetta.“ Emilía og Grettir eru askuvínir frá Reykjavík, hún 19 ára gömul en hann títugtugur. Þau héldu utan í vetur og hafa verið í stífu trúðanámi síðan.

Emilía hafði enga reynslu af sirkus en Grettir hafði verið í fimleikum hjá Sirkus Íslands. Það hafi hins vegar ekki hentað honum nógu vel og þess vegna vildu þau prófa trúðastarfið.

Foreldrarir höfðu sínar efasemd-ir um þessa vegferð. „Þau voru ekkert sérstaklega hrifin þegar ég sagði þeim frá. En það var viku áður en við fórum,“ segir Emilía. „Ég held að þau séu búin að sætta sig við þetta í dag.“

Spurð um hvað fólk læri í trúðaskóla segir Emilía það vera til dæmis að setja kökur í andlit, ganga á stultum, búa til blöðrudýr, að detta án þess að slasa sig og fleira í þeim dúr. „Beisik trúðastöff,“ segir hún.

Andlitsbökur eru það sem Grettir finnur sig best í en Emilía kann best við einhjólíð. Charles Chaplin er ein helsta fyrirmyndin, sem tvinnuði saman hlátur og grát, og notaði það til að varpa ljósi á samfélag sitt.

Kennararnir eru reynslumiklir, Jonathan Kelly, trúður til 25 ára, hefur meðal annars starfað í Marseille. Trúðar eru ekki aðeins þjálf-



Grettir Valsson lætur hendur standa fram úr ermum í írsku trúðanáminu.

MYND/ADSEND



Ég held að þau séu búin að sætta sig við þetta í dag.



Emilía Bergsdóttir, trúðanemi

aðir til þess að koma fram í stórum sirkustjóldum heldur líka á smærri vettvangi eins og í barnaafmælum.

Emilía segir suma samnemendur þeirra taka námið helst til of alvarlega. Það sé ekki endilega besta uppskriftnin að góðu gengi sem trúður.

„Þú þarft að vera frekar klaufalegur og hafa húmor fyrir sjálfum þér og öðrum. Að taka þessu ekki of alvarlega og hafa gaman, það er lykillinn,“ segir hún.

Emilía og Grettir eru nú í sumarfríi ytra. Þau eiga eftir að klára einn áfanga áður en þau útskrifast sem trúðar. Þau hyggja hins vegar ekki á langtímaferil sem trúðar á Írlandi heldur ætla þau aftur upp á Frón. Emilía ætlar að klára skólann og Grettir að vinna í Húsdýragarðinum. Trúðastarfið verður góð aukabúgrein. ■

MANIC PANIC N.Y.C.

Hárskolin fást hjá okkur

HOKUS POKUS

www.hokuspokus.is

Verslun og vefverslun

Laugavegi 69 S. 551-7955




NÝR AiWAYS U5!


AiWAYS U5 ER 100% RAFKNÚINN
LÚXUS JEPPLINGUR Á FRÁBÆRU VERÐI,
FRÁ KR. 5.190.000



AiWAYS U5 er 100% rafknúinn lúxus jepplingur sem er ríkulega búinn, lipur og einstaklega skemmtilegur í akstri.

Sérlega glæsileg innrétting og Innrými er með því besta í sínum flokki og gera AiWAYS U5 fullkominn fararskjót inn í framtíðina. AiWAYS U5 er að stærstum hluta þýsk hönnun

Akstursdrægnin er 410 km á fullri hleðslu 
(400 km í Premium útfærslu)

Hröðun 3,1 sek. 0 – 50km/klst. 
Afkastageta: 150 kW (204 hð)



SJÓN ER SÖGU RÍKARI, KOMDU Í HEIMSÓKN OG KYNNTU ÞÉR
NÝJAN 100% RAFKNÚINN AiWAYS U5.

Vatt ehf. er dótturfélag Suzuki bíla hf.



Íslendingar ferðast nú nánast eins mikið og fyrir faraldurinn.

Landinn flaug út í stórum stíl í júní

ragnarjon@frettabladid.is

FERÐALÖG Brottfarir Íslendinga frá Keflavíkurlugvelli í júní mældust um 66 þúsund og hafa þær einungis tvisvar áður mælst svo margar í júní, eða árin 2016 og 2018.

Þetta kemur fram í tölum Ferðamálastofu. Þegar mest var, í júní 2018, voru brottfarir 71 þúsund. Frá áramótum hafa brottfarir Íslendinga verið um 266 þúsund eða 83 prósent af því sem þær mældust á sama tímabili 2018. ■



Sjálfboðaliðar í her Úkraínu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Úkraínnumenn æfa í Bretlandi

sigurjon@frettabladid.is

BRETLAND Á næstu vikum stendur breski herinn að þjálfun tíu þúsund úkraínskra hermanna, æfingarnar munu fara fram í Bretlandi. Ben Wallace, varnarmálaráðherra Bretlands, staðfesti þetta um helgina.

Talið er að úkraínski herinn missi um tvö hundruð hermenn dag hvern. Skiptir það sköpum fyrir vonir Úkraínu að nýir hermenn séu vel þjálfadur.

Rúmlega þúsund breskir hermenn koma að þjálfuninni, sem fer fram víða um Bretland. Úkraínsku hermennirnir, sem fyrst um sinn voru aðeins sjálfboðaliðar með litla sem enga hernaðarreynslu, fá grunnþjálfun frá breska hernum, svo sem í meðhöndlun vopna, skyndihjálpi á vígvelli, eftirlitssáðferðum og kennslu í lögum um vopnuð átök. ■

Sendiherra gagnrýnir hæg viðbrögð lífvarða Abe

ingunnlara@frettabladid.is

JAPAN „Lögreglan hefði átt að bregðast fyrir við til að koma í veg fyrir þetta brjálæði,“ segir Roytatio Suzuki, sendiherra Japans, um morðið á Shinzo Abe, fyrrverandi forsætisráðherra Japans.

Suzuki frétti af morðinu snemma á föstudeginum. Hann vaknaði við skilaboð frá vini sínum á Filippseyjum sem sagðist vera harmi sleginn yfir skotárásinni. Fregnirnar slógu Suzuki og hann opnaði vafrann í

símanum og skannaði allar helstu fréttaveitur. Honum þótti átakanlegt að sjá myndefnið sem birtist af árásinni. En af myndböndunum að dæma þótti Suzuki að viðbrögðin hefðu mátt vera skjótari.

„Tveimur skotum var hleypt af. Þrjár sekúndur liðu á milli skotanna og hið seinna hæfði hann. Þessar þrjár sekúndur skildu á milli lífs og dauða,“ segir Suzuki en hann telur að ef þetta hefði verið í Bandaríkjunum hefði leyniþjónustan getað komið í veg fyrir árásina.



Roytatio Suzuki sendiherra Japans á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

„Leyniþjónustan í Bandaríkjunum er þjálfuð fyrir svona kringumstæður en árásin kom japönsku lögreglunni í opna skjöldu.“ Skotárásir og morð eru sjaldgæfi í Japan enda eru vopnalög þar ströng. „Það að eiga og bera byssu er ekki eitthvað sem Japanar líta á sem sjálfsagðan rétt sinn,“ útskýrir Suzuki. „Það er hættulegt að eiga byssu í miklu þéttbýli og Japanar líta á það sem heilbrigða skynsemi að hafa ströng lög um skotvopn.“ ■

Nánar á [frettabladid.is](https://www.frettabladid.is)

Áhyggjur af frekari samþjöppun

Forstjóri Síldarvinnslunnar segir kaup félagsins á útgerðarfélaginu Vísi í Grindavík dæmi um skynsamleg viðskipti. Þingmaður Viðreisnar hefur áhyggjur af frekari samþjöppun í sjávarútvegi og segir þjóðina kalla eftir sanngirni.

bth@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Hlutabréf í Síldarvinnslunni hækkðu um 7,4 prósent í viðskiptum gærdagsins eftir að félagið tilkynnti um kaup á útgerðarfélaginu Vísi í Grindavík.

Samtals nema viðskiptin um 31 milljarði króna en með þeim verða seljendur í Grindavík meðal kjölfestufjórfaða í Síldarvinnslunni hf.

Hanna Katrín Friðriksson, þingmaður Viðreisnar, telur kaupin sýna enn og aftur hve brýnt sé að fara ofan í saumana á núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi.

„Við erum að horfa upp á enn frekari samþjöppun á eignarhaldi. Það er það sem er að gerast. Yfirráð yfir auðlindum þjóðarinnar færast á sífellt færri hendur.“

Að sögn Hönnu Katrínar er heldur lítið eftir af helstu rökum þeirra sem hafa staðið vörð um óbreytt kerfi.

„Þeir sem harðast hafa gengið fram hafa einmitt haldið því fram að þær breytingar, sem við í Viðreisn höfum talað fyrir, muni leiða til samþjöppunar á eignarhaldi. Sem er einmitt það sem er að gerast innan núverandi kerfis. Það er stóra myndin í þessu. Það fer að verða heldur lítið eftir af helstu rökum þeirra sem standa á bremsunni, verð ég að segja.“

Hanna Katrín segir þetta enn eina sönnun þess að þjóðin geti ekki beðið mikið lengur eftir aðgerðum.



Útgerðarfélagið Visir hefur fjárfest í hátækni vinnslu í Grindavík að undanförunu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Hanna Katrín Friðriksson, þingmaður Viðreisnar



Gunnþór Ingvason, framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar

„Það þarf ekkert að skrifa fleiri skýrslur um þessi mál. Það er búið að kortleggja allt sem þarf að kortleggja. Stjórnmalámennt þurfa bara að hafa kjark til að standa með almannahagsmunum og ráðast í þær breytingar á kerfinu sem meirihluti þjóðarinnar er að kalla eftir.“

Gunnþór Ingvason, framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar, segist ekki gefa mikið fyrir gagnrýni á viðskipti sem hann segir marka ákveðin þáttaskil og fela í sér stórtíðindi.

„Ég hef heyrt fólk lýsa yfir ánægju með viðskiptin en ég kannast líka alveg við gagnrýnina.“

Að hans mati er frekar sérstakt að heyra stjórnmalámennt gagnrýna viðskipti sem muni styrkja tvö öflug félög og séu í rauninni til þess fallin að auka gagnsæi.

„Síldarvinnslan er skráð félag á markað og í rauninni eru eigendur Vísis að skrá sitt félag á markað í gegnum Síldarvinnsluna með þessari sölu.“

Það er í anda þess sem kallað hefur verið eftir. Að auka gagnsæi í sjávarútvegi. Ég myndi því telja þetta jákvætt skref í þá átt.“

Að mati Gunnþórs er vel hægt að benda á aukna samþjöppun í sjávarútvegi við þessi tíðindi. ■

„En fyrir mér eru þetta fyrst og fremst skynsamleg viðskipti. Visir hefur fjárfest í fullkominni vinnslu í Grindavík. Fyrirtækið hefur yfir hátækni vinnslu að ráða í námunda við alþjóðaflugvöll og Síldarvinnslan kemur að borðinu með heimildir.“

Þar af leiðandi passa þessi félög vel saman. Við erum sannfærð um að viðskiptin muni styrkja bæði félögin til lengri tíma. Það er það sem vakir fyrir okkur,“ segir Gunnþór.

Kaup Síldarvinnslunnar á Vísi eru háð niðurstöðu áreiðanleikakönnunar og samþykki hluthafafundar Síldarvinnslunnar hf. og Samkeppniseftirlitsins.

Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra sagðist í samtali við Fréttablaðið ekki ætla að tjá sig um viðskiptin, eða hvaða þýðingu þau kunni að hafa, fyrr en Samkeppniseftirlitið hefur haft tækifæri til að fara yfir málið. ■

FULLKOMINN Í BORGARFERÐIR

„Ítölsk hönnun hefur alltaf veitt okkur í HAF studio mikinn innblástur og þess vegna varð rafknúinn Fiat 500e fyrir valinu.“

Hafsteinn Júlíusson og Karítas Sveinsdóttir

NÝ SENDING Á LEIDINI – TRYGGÐU ÞÉR EINTAK

ISBAND

ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300
ÓPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LOKAÐ LAUGARDAGA

FIAT



FIAT.IS • ISBAND.IS

LAVORGott verð
fyrir alla í**20ár**

2002 – 2022

Afmælistilboð á Lavor háþrýstidælum!**20%**
AFMÆLISTILBÓÐ**Lavor STM 160 WPS háþrýstidæla með RISA-stórum aukahlutapakka**Mótor: 2500W
Prýstingur: 160 bör
Vatnsflæði: 510 l/klst.**31.196**

Áður 38.995 kr.

**20%**
AFMÆLISTILBÓÐ**Lavor Predator 180 Digital háþrýstidæla með aukahlutapakka**Mótor 2500W
Prýstingur Max: 180 bör
Vatnsflæði: 510 l/klst.**35.992**

Áður 44.990 kr.

**20%**
AFMÆLISTILBÓÐ**Lavor LVR4 Plus 160 WPS háþrýstidæla með aukahlutapakka**Mótor: 2500W
Prýstingur Max: 160 bör
Vatnsflæði Max: 510l/klst.**31.992**

Áður 39.990 kr.

**20%**
AFMÆLISTILBÓÐ**Lavor Cruiser 200 háþrýstidæla**Mótor: 2300W kolalaus induction
Prýstingur Max: 200 bör
Vatnsflæði Max: 300 l/klst.
Hose Reel-In-Pressure kerfi**47.992**

Áður 59.990 kr.

**20%**
AFMÆLISTILBÓÐ**Lavor Galaxy 150 háþrýstidæla**Mótor: 2100W
Prýstingur Max: 150 bör
Vatnsflæði Max: 450l/klst.**23.992**

Áður 29.990 kr.

**20%**
AFMÆLISTILBÓÐ**Lavor HPC Wave up 125 háþrýstidæla**Mótor: 1800W
Prýstingur Max: 125 bör
Vatnsflæði Max: 400l/klst.**19.192**

Áður 23.990 kr.

**20%**
AFMÆLISTILBÓÐ**Lavor HPC Fast 120 háþrýstidæla**Mótor: 1700W
Prýstingur Max: 120 bör
Vatnsflæði Max: 330l/klst.**11.992**

Áður 14.990 kr.

SENDUM UM
LAND ALLT!
www.murbudin.is**MÚRBÚÐIN**
Gott verð fyrir alla í **20ár**
2002 – 2022

Lág fæðingartíðni og Evrópubúum fækkar annað árið í röð

kristinnhaukur@frettabladid.is

EVROPA Íbúum ESB- og EES-svæðisins fækkaði um rúm 171 þúsund árið 2021. Er þetta annað árið í röð sem fækkun verður á svæðinu. Árið 2020 fækkaði Evrópumönnum um 485 þúsund manns og er heildarfækkunin þessi tvö ár því 656 þúsund.

Covid-19 faraldurinn spilar stóra rollu í íbúafækkuninni en lág fæðingartíðni í álfunni gerir það líka. Dánartíðnin var mun hærri



Faraldurinn hefur tekið sinn toll af Evrópu og mannfjöldaprúningurinn verður sífellt neikvæðari.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

en fæðingartíðnin þessi tvö ár og innflutningur fólks dugði ekki til að brúa bilið. Þó að í heildina sé fækkun á svæðinu þá eru sveiflur miklar milli landa. Frökkum hefur fjölgað um 357 þúsund á árunum tveimur en Ítölum fækkað um 658 þúsund. Íbúafækkun Ítalíu nær reyndar aftur til ársins 2015.

Önnur lönd þar sem fjölgun hefur orðið eru til dæmis Þýskaland, Holland, Belgía, Spánn og Portúgal á meðan fækkunin er mest í austurhluta álfunnar, svo

sem í Póllandi, Rúmeníu og Grikklandi.

Fjölgun varð á öllum Norðurlöndunum, meira að segja í Svíþjóð, sem fór aðra leið í baráttunni við faraldurinn en flestar aðrar þjóðir. Íslendingum fjölgaði um rúmlega 12 þúsund manns. Fæðingartíðnin hefur ávallt verið í hærra lagi hér á landi en árið 2021 var hún í fyrsta sinn sú hæsta í álfunni. Dánartíðnin er einnig sú lægsta.

Alls hefur fæðingartíðnin í Evrópu lækkað um helming á 60 árum.



Fæðingartíðnin er hæst og dánartíðnin lægst á Íslandi.

Dánartíðnin hefur hins vegar haldist nokkuð stöðug í gegnum áratugina. Undanfarin tvö ár hefur dánartíðnin verið hæst í Búlgaríu, Serbíu og Lettlandi. ■

Finna illgresiseyði í þvagi langflesttra Bandaríkjmanna

kristinnhaukur@frettabladid.is

BANDARÍKIN Efnid glýfósat, sem notað er í Roundup og margar aðrar tegundir illgresiseyðis, fannst í þvagprufum 80 prósentu þátttakenda í rannsókn sem unnin var af Sóttvarnastofnun Bandaríkjanna, CDC. Vísindamenn hafa miklar áhyggjur af niðurstöðunum en glýfósat er talið auka verulega líkurnar á Hodgkin eitilfrumukrabbameini.

Alls voru teknar þvagprufur frá 2.310 manns og um þriðjungur af þeim voru börn. Glýfósat fannst í 1.885 prufum.



Glýfósat eykur líkurnar á eitilfrumukrabbameini.

Samkvæmt rannsókn frá árinu 2017 hefur glýfósat aukist verulega í þvagi Bandaríkjamanna síðan árið 1990 þegar fyrirtækið Monsanto setti erfðabreytt korn á markaðinn þar sem notað er Roundup í miklum mæli. Bandarískir bændur nota nú um 100 þúsund tonn af illgresiseyði með glýfósati á uppskeru maíss, hveitis, hafra, sojabaua, spínats og fleiri tegunda.

Roundup er selt í Evrópusambandslöndum, meðal annars hérna á Íslandi. Sums staðar, til dæmis í Frakklandi, hefur það og önnur efni með glýfósati þó verið bannað. Reglur Evrópusambandsins eru þó langtum strangari en þær bandarísku um leyfilegt magn glýfósats. ■

Óvíst að hvarfið hafi verið tilkynnt

Hvarf ungs manns frá Aðaldal fyrir hundrað árum síðan virðist ekki hafa verið tilkynnt og ekki er vitað nákvæmlega hvenær það átti sér stað. Leitað er að upplýsingum um málið.

kristinnhaukur@frettabladid.is

SAMFÉLAG Bjarki Hólmgeir Halldórsson, sem rannsakað hefur mannhvörf á Íslandi, leitar nú að upplýsingum um Árna Magnússon Árnason sem hvarf fyrir hundrað árum síðan. Hvarfið virðist ekki hafa verið tilkynnt á sínum tíma og afskaplega litlar upplýsingar eru til hjá fjölskyldu hans. Ekki er einu sinni vitað nákvæmlega hvenær hann hvarf.

Árni var fæddur og uppalinn í Aðaldal í Suður-Þingeyjarsýslu, fyrst á bænum Rauðuskriðu og síðar Jódísarstöðum. Hann starfaði sem kennari hjá Vilhjálmi Friðlaugssyni í Torfunesi í Köldukinn áður en hann hélt suður til Reykjavíkur tvítugur að aldri haustið 1921. Meðal annars til að vera nær heitmei sinni.

„Ef einhver getur bent okkur á hver þessi heitmei gæti hafa verið myndi það hjálpa,“ segir Bjarki, sem var staddur í ýtu Ístaks á Kjalarnesi þegar Fréttablaðið náði af honum tali en heldur brátt í sína heimasveit, Aðaldalinn, þaðan sem hann fékk ábendingu um Árna. Bjarki skrifaði bók um íslensk mannhvörf árið 2019, Saknað. Rannsókn á hvarfi Árna er hluti af framhaldsverkefni af henni.

Það helsta sem Bjarki hefur til að styðjast við eru dagbókarfærslur og sendibréf úr förum sonar fösturbróður Árna, sem hét Njáll. Seinasta sendibréfið frá Árna er dagsett 4. nóvember árið 1921.

„Eftir það heyrðist ekkert frá honum,“ segir Bjarki. „Það komu jól og áramót og Njáll fór að ökyrr-



Bjarki Hólmgeir Halldórsson rit höfundur rannsakar dularfullt mannhvarf sveitunga síns úr Aðaldalnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Árni var ávallt í góðu sambandi við fjölskyldu sína og vini. MYND/ADSEND

ast. Hann fór á símsstöðina á Ytra-Felli í Aðaldal og símaði til Reykjavíkur. Ekki er vitað við hvern Njáll talaði en þá kom í ljós að Árni var horfinn.“

Þetta var 3. febrúar árið 1922, sem þýðir að Árni hvarf einhvern tímann á 91 dags tímabili. Engar auglýsingar birtust í dagblöðum þess tíma og engar lögregluskýrslur fundust á Þjóðskjalasafninu. Virðist sem svo að hvarf Árna hafi aldrei verið tilkynnt til yfirvalda.

Bjarki segir að um tíma hafi verið uppi kenningar um að Árni hafi farið í skip á leið til útlanda. En eftir því sem frá leið hafi það þótt ólíklegra. Alla tíð hafi Árni verið í góðum samskiptum við Njál og aðra ættingja og vini, með bréfaskriftum og símskeytum.

„Það þótti ólíklegt að hann færi utan án þess að tala við neinn og aldrei hafa samband framfar,“ segir Bjarki.

Í dánartilkynningu um móður

Árna, Friðriku Bjarnadóttur, frá árinu 1940 kemur fram að hún og eiginmaður hennar, sem lést árið áður, hafi misst bæði börn sín uppkomin, það er Árna og systur hans, Guðnýju, sem lést eftir sjúkralegu. „Gekk sá missir mjög nærri þeim hjónum,“ segir í tilkynningunni.

Í kirkjubók Grenjadarstaðaprestakalls árið 1922 kemur fram að Árni hafi farið til Reykjavíkur og horfið þar.

Bjarki segist vonast til þess að eitthvað fleira finnst í þeim rýru gögnum sem fyrir liggja. Einnig að fleiri gögn bætist við sem gætu skýrt myndina frekar, svo sem dagbækur. Helst upplýsingar um Árna sjálfan og hvern hann gæti hafa verið að umgangast veturinn sem hann hvarf.

Ef þú hefur upplýsingar um hvarf Árna Magnússonar Árnasonar máttu senda þær á mannhvarf@gmail.com eða í símanúmerið 858-7218. ■

Þjóðverjar búa sig undir orkuskömmun og kulda næsta vetur

gar@frettabladid.is

ÞÝSKALAND Á komandi vetri munu þjóðverjar þurfa að aðlagast því að fá minna eða jafnvel ekkert af því jarögasi sem þeir hafa hingað til keypt af Rússum og notað í iðnaði og til húshitunar. Olaf Scholz kanslari er þegar farinn að búa þjóðina undir hugsanlega orkuskömmun.

Spænska blaðið El País segir í ensku vefútgáfu sinni frá því að þjóðverjar hafi nú þegar gripið til fyrirbyggjandi aðgerða sem snúast um að spara eins mikið og hægt sé, ekki aðeins vegna orkuskortsins heldur líka vegna mikillar hækkunar á verði jarðefnaeldsneytis. Herferð stjórnvalda hafi beinst að því að hvetja fólk til að fara í styttri og kaldari sturtu með það að markmiði að draga úr orkunotkun um



Móttökustöð í Lubmin fyrir Eyrstrasaltslögn Nordstream-gasleiðslunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

tíu prósent miðað við næstliðin sumur.

Segir El País frá því að Jens Kerstan, yfirmaður umhverfissviðs Hamborgar, hafi fyrir fáeinum dögum í viðtali við þýska blaðið Welt am Sonntag bent á að aðgerðir þjóðverja gagnvart Rússum vegna stríðsrekstursins í Úkraínu gætu leitt til þess að skammta þyrfti heimilum borgarbúa heitt vatn. Yfirvöld væru einnig að skoða hvort lækka ætti hámarkshitun hjá evnkaadilum.

Í Dresden hafi húsnæðissamlag eitt tilkynnt um takmarkanir á heitu vatni til 300 af 600 íbúða sinna í sparnaðarskyni. Sé það í andstöðu við lög sem heimili ekki slíkar takmarkanir. Vonovia, stærsta fasteignafélag Þýskalands, hafi boðað leigjendum sínum að

ofnar í húsnæði þeirra, sem um hálf milljón manna býr í, muni ekki geta orðið heitari en 17 gráður. Markmiðið sé að spara 8 prósent í orkukostnaði.

Þá kemur fram í El País að helmingur heimila í Þýskalandi sé hitaður upp með gasi. Talið hafi verið að skortur á gasi myndi fyrst bitna á iðnaðarfyrirtækjum sem noti 35 prósent af þessum orkugjafa en nú sé óttast að tímabundin niðurskurður á gastreymi um Nord Stream 1 lögnina og lokun vegna viðhalds milli 11. og 21. júlí gæti orðið varanleg. Síðastliðinn föstudag hafi gastankar þjóðverja verið fylltir upp að 63,2 prósentum af því sem þeir geti tekið. Stjórnvöld stefni að því að þeir verði alveg fullir í haust. Það muni duga í tvo og hálfan vetrarmánuð í venjulegu árferði. ■

„fyndnasta mynd ársins„
-variety



ILLUMINATION KYNNIR

SKÓSVEINARNIR

GRU RÍS UPP

komin í bíó

HÁSKÓLA BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ
BARA LÚXUS

ALFABAKKI
SAMBÍÓN

SAMBÍÓN
EGILSHÖLL

KRINGLAN
SAMBÍÓN

SMÁRA BÍÓ

AKUREYRI
SAMBÍÓN

KEFLAVÍK
SAMBÍÓN

Bíóhúsið

Íslenska rokið gæti reynst ærin auðlind



Björn
Þorláksson
bth
@frettabladid.is

Kostnaður við virkjun á hverju megavatti með vindorku hefur lækkað um 56 prósent á einum áratug. Samorka segir vindorku sjálfsagða viðbót en Landvernd telur eðlilegra að slökkva á álverum.

ORKUMÁL Skiptar skoðanir eru meðal landsmanna um hvort virkja skuli vind í miklum mæli til framleiðslu á grænni raforku.

Meðal helstu ógna eru sjónræn mengun af mannvirkjum, mikið rask, möguleg ísing, uppblástur og dauði fugla sem lenda í spöðum á vindmyllum.

Á tímum hnattrænnar hlýnunar, þar sem krafa er um umhverfisvæna orku og mótvægiságerðir gegn gróðurhúsaáhrifum, þykir vindurinn hins vegar góður kostur. Samorka bendir á að ekki sé um óafturkræf spjöll að ræða, því hægt sé að taka niður vindmyllur og gera landsvæði eins og þau voru, að notkun lokinni.

Rokrassar um allt land

Vist er að nóg er til af vindinum hér á landi. Reynðar eru fá lönd heppilegri en Ísland í þeim efnum samkvæmt úttekt Veðurstofunnar, enda hafa Íslendingar alist upp við rok-rassa víða um land. Láglandi þykir almennt henta betur fyrir beislun vindorku en hálandi.

Hæð mannvirkjanna, þeirra sem framleiða mesta orku, er aftur á móti gríðarleg, þaðar vindmyllu geta farið í 200 metra sem er um þreföld hæð Hallgrímskirkjuturns. Aukin sátt gæti orðið um beislun vindorku ef vindmyllugarðar yrðu reistir hér í sjó, skammt frá ströndum landsins. Mætti horfa til Danmerkur eða Bretlands í þeim efnum. Hitt er áskorun hvernig myndi ganga að láta núverandi raforku-kerfi og vindorkuna tala saman eftir árstíðum, en vindorka er breytileg eftir tímabilum og meiri á vetrum en sumrum.

Sjálfsögð viðbót

Finnur Beck, forstöðumaður málfánastarfs hjá Samorku, segir Samorku ekki taka afstöðu til einstakra vindorkuverkefna, en almennt sé vindorkunýting sjálfsögð viðbót við þá endurnýjanlegu orkukosti sem nýttir eru í dag. Vindorkunýting geti gegnt lykilhlutverki í að uppfylla þarfir þjóðarinnar fyrir græna orku.

„Á heimsvísu lækkaði veginn meðalkostnaður á framleidda megavattsstund með vindorku á landi um 56 prósent milli árána 2010 og 2020. Við bætist að aðstæður á Íslandi virðast samkvæmt grunnrannsóknnum sérstaklega hagfelldar og skila háu nýtingarhlutfalli. Ef markmiðið er að framleiða áfram raforku með sem hagkvæmstum hætti fyrir íslenskan almenning og fyrirtæki er ekki hægt að horfa fram hjá vindorkunýtingu,“ segir hann.

Finnur segir að víða um land hafi orkufyrirtæki átt samstarf við sveitarfélög og landeigendur um þróun verkefna og lagt mikinn kostnað í þróun þeirra og metnaðarfullar umhverfisrannsóknir til undirbúnings verkefnunum. „Gríðarleg tækifæri eru þegar til staðar,“ segir Finnur.

Hann bendir á að samkvæmt nýlegri skýrslu þygi leyfisveitingar teija framkvæmdir og tækifæri til atvinnuuppbyggingar. „Það er mikilvægt að skerpa á og einfalda regluverk líkt og verið er að gera í nágrannalöndum okkar í Evrópu. Reglurnar þurfa að taka mið af sérstöðu vindorkunýtingar, hún er nær alfarið afturkræf og hægt að þróa og byggja hana hratt til að mæta fyrir-sjáanlegri knýjandi orkuþörf.“



Beislun vindorku hér á landi er umdeild en aðstæður til framleiðslu eru sumpart ákjósanlegar og nóg til af lofti á hreyfingu. Ákall er um græna orku á sama tíma og margir óttast neikvæð umhverfisáhrif.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Reglurnar þurfa að taka mið af sérstöðu vindorkunýtingar, hún er nær alfarið afturkræf.



Finnur Beck,
hjá Samorku



Ég held að fólk geri sér ekki grein fyrir hversu gríðarleg mannvirki þetta eru.



Auður Önnu
Magnúsdóttir,
formaður
Landverndar

Tímamótasamþykkt

Dalabyggð hefur stigið nýtt skref í hópi þeirra sveitarfélaga sem vilja skoða vindorku sem framtíðarlausn í orkumálum. Skipulagsstofnun hefur samþykkt aðalskipulagsbreytingu sveitarfélagsins vegna tveggja vindorkuvera í sveitarfélaginu. Er það í fyrsta skipti sem breyting á aðalskipulagi er samþykkt undir vindorkuver fyrir almennan markað.

„Það gerist ekkert í þessum efnum fyrr en Alþingi hefur komið sér saman um rammaáætlun,“ segir Eyjólfur Bjarnason, oddviti Dalabyggðar.


Um neikvæðar hliðar beislunar vindorku í miklum mæli nefnir Eyjólfur víðtæka sjónmengun, gríðarlega efnisflutninga og spurningar hvar skipa skuli upp íhlutum. Kannski þurfi jafnvel að byggja nýja höfn ef áformin verða að veruleika. Kostur sé hins vegar að þekktir vindstrengir liggi um héraðið og í nálægð við flutningskerfi Landsnets.

Saga vindorku á Íslandi

Veðurstofan stóð fyrir verkefninu ICEWIND 2011-2015 þar sem mat var lagt á vindorku. Í þeirri úttekt kemur fram að beislun vindorku hér á landi hófst á 19. öld þegar reistar voru tvær vindmyllur í Reykjavík, önnur við Hólavelli, Suðurgötu 20, árið 1830 og hin á horni Bakarastígs, nú Bankastrætis, og Þinghóltsstrætis árið 1847.

Báðar vindmyllurnar voru reistar af P. C. Knudtzon kaupmanni (1789-1864) og nýttar við mölun á rúgi vindmyllanna. Þær settu svip sinn á plássið uns þær voru rifnar. Þá var vindmylla byggð í Vigur 1840 og stendur enn. Einnig voru vindmyllur á þessum tíma í Skagafirði, á Raufarhöfn og víðar.

Með rafvæðingunni á 20. öld urðu litlar vindrafstöðvar algengar við bóndabæi. Á síðustu áratugum hafa litlar vindrafstöðvar verið notaðar til að framleiða rafmagn fyrir sumarhús og tæki, svo sem veðurstöðvar. Í heildina hefur vindorka þó í raun mjög lítið verið nýtt á Íslandi til raforkuframleiðslu, hvort heldur sem er



Sú var tíðin að vindmyllur settu svip sinn á Reykjavík. Árni Óla gerði þessa mynd af hollensku myllunni sem var reist um miðja 19. öld.

til iðnaðar eða almennra nota að því er kemur fram í rannsókn Veðurstofunnar. Íslendingar hafa reitt sig á vatns- og jarðvarmaorku. Það var ekki fyrr en um síðustu aldamót að skriður komst á rannsóknir á íslensku vindauðlindinni en á okkar breiddargráðu hentar vindorka betur, samkvæmt rannsóknnum Veðurstofunnar, en til dæmis sólarorka.



Hér er ríkjandi norðan-átt, við tölum oft um Húnaflóarokið.



Eyjólfur Bjarna-
son, oddviti
Dalabyggðar

beisla vind til að selja um sæstreng til Evrópu. Landvernd telur nær að taka orku frá einu eða tveimur álverum hér á landi. Fyrir liggja orkuskipti og að þeim verði að huga. „Við ættum frekar að vera meðal fyrstu þjóða heims til að ná orkuskiptum, við myndum gera mest gagn með því að sýna umheiminum hvernig kolefnislaust samfélag virkar,“ segir Auður.

„Við sjáum að framlegð á sjálfbærri orku hefur aukist um 10-15 prósent á ári en losun gróðurhúsalofttegunda hefur ekkert dregist saman. Við þurfum að spyrja okkur hvað sé að gerast. Það að framleiða sjálfbæra orku virðist ekki draga úr gróðurhúsalofttegundum,“ segir Auður, formaður Landverndar. ■



Meðal-
kostnaður
á fram-
leidda
megavatts-
stund með
vindorku
á landi
lækkaði
um 56 pró-
sent milli
árána
2010 og
2020.

Hljóðsettu lífið upp á nýtt



Beltone Imagine™ – *hágæða heyrnartæki*

Hljóðheimurinn er stór hluti lífs okkar. Við hjálpum þér að njóta hans með hágæða heyrnartækjum sem bæta lífsgæði þín til muna. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu. Það gæti verið farmiðinn þinn inn í ævintýraheim hljóðsins.

Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN



Aðalnúmerið



Björk
Eidsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Eftir kirfilega ígrundað val á framhaldsskóla tók umsóknarferlið við hjá syni mínum, með tilheyrandi eftirvæntingu yfir því hvort draumaframhaldsskólinn ákvæði að hýsa hann og mennta.

Að umsóknarfresti loknum vöktuðum við mæðgin tölvupóst okkar beggja og bréfalúguna og spennan óx með degi hverjum. Þegar svo á samfélagsmiðlum tóku að birtast gleðifrétur um inngöngu ungmenna í þessa eða hina menntastofnunina fóru að renna tvær grímur á þessa móður, enda hafði ekkert tilboð um skólavist borist syninum.

Eftir nokkurra daga óvissu var ráðgátan þó leyst. Skólinn hafði sent sambýlismanni mínum svarið – og það ratað í ruslhólf póstforrits hans. Sambýlismaður minn er þó ekki faðir unglingsins. Faðir hans, sem deilir með mér forræði, fékk engan póst. Fyrirmæli fylgdu um að skólavist yrði staðfest með greiðslu skólagjalda og því væri mikilvægt að draga ekki greiðslu. Þegar méri barst sms um að greiðsluseðill væri kominn í heimabankann endurhlóð ég bankann ansi oft þar til ég fattaði að sambýlismaðurinn hefði að sjálfsgöðu fengið rúkkunina.

Sextán ára unglingurinn minn er sem sagt, að því er virðist, orðinn hans. Það er eitthvað sem okkur yfirsást í smáa letrinu þegar við skræðum okkur í sambúð fyrir fjórum árum síðan. Fyrsta hugsun mín og fleiri sem af heyrðu, var að kyn réði einhverju í þessum efnunum og karlinn á bænum fengi þannig vitneskjuna og reikningana. Hugmyndin er sem betur fer ekki alveg svo afdönkuð – hann er bara elstur á bænum. En værum við þó stödd um tveimur áratugum aftar á dagatalinu hefði það þó verið rétt ályktað því til ársins 1997 var það karlinn á bænum sem var aðalfjölskyldunúmerið: Heimilisfólk var skræð undir hans kennitölu.

Við erum nú á einu lögheimilistengslanúmeri, áður fjölskyldunúmeri. Ný lög um skráningu einstaklinga tóku gildi árið 2020 og þar með var hugtakið fjölskyldunúmer breytt í lögheimilistengsl sem er skilgreint sem auðkennisnúmer fyrir þá einingu sem tilgreinir sameiginlegt lögheimili. Nú í vor hóf Þjóðskrá miðlun á forsjá og geta notendur þannig óskað eftir aðgangi að slíkum upplýsingum. En þó nota sumir enn téð lögheimilistengslanúmer til að draga ályktanir um fjölskyldu- og forsjárvensla barna.

Fátt er íslenskarar en samsettar og flóknar fjölskyldur, svo það að gera ráð fyrir því að eldri einstaklingur sem býr með forsjáraðila barns taki við hlutverki foreldris er ekki í nokkrum takti við samtím-ann.

Það að gera ráð fyrir því að eldri einstaklingur sem býr með forsjáraðila barns taki við hlutverki foreldris er ekki í nokkrum takti við samtím-ann.

■ Halldór



■ Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

Dóttir

Það var með stolti sem landsmenn horfðu á stelpurnar sínar leika nokkurn veginn við hvurn sinn fingur á víðum völlum Manchester-borgar um helgina, enda léku þær Belgana oftast en ekki grátt, þótt sigur hafi ekki náðst á endanum. En úr því verður bætt í næsta leik, enda mun leynivopnið að lokum duga til að hafa sigur á andstæðingunum.

Það hlýtur nefnilega að vera svolitíð ruglingslegt og að vonum líka trúflandi að elta ellifu leikmenn úti á vellinum sem allir heita það sama í endann á nafninu.

Bláa hafið

Annars verður að taka hattinn ofan fyrir þeim fjölda landsmanna sem lagt hafa leið sína í Langhastar-skíri til að hvetja þessa knattspyrnusnillinga okkar, en ekki var ónýtt fyrir áhorfendur sem heima sátu að horfa á bláa hafið liðast um stúkuna, svo eftir var tekið af ensku myndatökumönnunum, að ekki sé talað um daldrandi fyrirganginn hjá þessari sömu sveit sem kæfði á svipstundu ræfilslega tilraun belgisku áhorfendanna til að yfirgnæfa víkingaklappið sem tekið var á tólfstu mínútu. Þá var allur vindur úr þeim belg, hafi hann verið einhver fyrir. ■

Gerum betur



Lilja Rafney
Magnúsdóttir
varapingmaður
VG, fyrrverandi
formaður atvinnu-
veganeftdar

Strandveiðar hafa sýnt og sannað að vera ein öflugasta byggðaaðgerð sem VG kom á sumarið 2009. Vinstri græn undir minni forystu í atvinnuveganefnd leiddu þverpólítiska vinnu á sl. kjörtímabili í að endurskoða strandveiðikerfið í ljósi reynslunnar. Mikil samráð var við félagasamtök sjómanna, horft til öryggismála og hagsmuna fiskvinnslunnar, fiskmarkaða og eflingar atvinnu strandveiðibygðanna.

Fyrir árið 2018 hafði strandveiðibátum farið fækkandi og ólympískar veiðar stundaðar með tilheyrandi hættu á sjóslusum. Landhelgisgæslan taldi reynsluna af 48 daga kerfinu vera góða og val á veiðidögum stuðlaði að auknu öryggi sjómanna og lögfesting 48 daga tryggði öryggi enn betur. Það var því ekki síst öryggisþátturinn sem vó þungt í að tryggja yrði öllum landshlutum 12 daga í mánuði út sumarið.

sambandsins

Frá því að Rússar réðust inn í Úkraínu og brutu þannig visvitandi gegn alþjóðalögum hefur Evrópusambandið samþykkt sex þvingunaraðgerðapakka gegn Rússlandi, sem beinast að tæplega 1.200 einstaklingum, 98 stofnunum og fyrirtækjum og fjölda atvinnuvega. Þessar þvingunaraðgerðir voru samþykktar í samráði við samstarfsríki ESB, þar á meðal Ísland. Aðgerðirnar hafa þegar komið verulega illa við Vládimír Pútín og samverkamenn hans og áhrifin á efnahag Rússlands munu aukast eftir því sem fram líður.

Evrópusambandið hyggst draga úr innflutningi á rússneskri olíu um 90% fyrir árslok 2022, auk þess sem innflutningur á gasi dregst óðum saman. Þannig hættum við smátt og smátt að vera háð innflutningi sem hefur löngum heft stjórnmála-ákvæðanir okkar. Þegar hætt er svo skyndilega að notast við rússneska orku koma óhjákvæmilega upp alvarleg vandamál hjá mörgum aðildarríkjum ESB og hjá ýmsum atvinnuvegum, en það er gjaldþing sem við greiðum fyrir að standa vörð um lýðræði og alþjóðalög, líkt og við gerum nú í fullri samstöðu.

Þvingunaraðgerðirnar hafa áþreifanleg áhrif á efnahag Rússlands, þar sem nú þarf að flytja inn margar vörur með mikinn virðisauka sem ekki eru framleiddar innanlands. Á sviði hátækni eru Rússar 45% háðir Evrópu, 21% háðir Bandaríkjunum en aðeins 11% háðir Kína. Úrræðin sem Kínverjar geta boðið fyrir rússneskan efnahag eru nú sem fyrr takmörkuð, einkum á sviði hátækni, og til þessa hafa kínversk stjórnvöld ekki aðstoðað Rússa við að forðast þvingunaraðgerðir Vesturlanda.

Þegar lítið er til hergagnaiðnaðar, sem er lykilþáttur hvað varðar stríðsreksturinn í Úkraínu, þá takmarka þvingunaraðgerðirnar getu Rússa til að framleiða stýrð flugskeyti. Nær allir erlendir bílaframleiðendur hafa ákveðið að yfirgefa Rússland og olíuöndurinn líður fyrir brotthvarf erlendra rekstraraðila og skert aðgengi að hátækni, en hvort tveggja torveldar að hægt sé að taka nýjar olíulindir í notkun. Til að viðhalda flugsamgöngum þurfa rússnesk stjórnvöld að taka meirihluta flugvéla úr umferð til að endurheimta nauðsynlega varahluti. Loks tapast aðgangur að fjármála- og tæknimarkaðum og hnattrænum rannsóknnetum, auk þess sem horft er fram á stórfelldan atgervisflótta.

Þótt Pútín stjórnist ekki af efnahagslegum þáttum til skamms tíma lítið munu þvingunaraðgerðirnar smám saman þvinga hann til þess að velja á milli hernaðar og efnahagslegra hagsmuna.

Að því er varðar áhrif þessara þvingunaraðgerða á lönd, einkum Afríkulönd, sem reiða sig á rússneskt og ukrainskt hveiti og áburð, er ljóst hvar ábyrgðin á matvæla- og orkuskipti liggur. Þvingunaraðgerðir okkar beinast ekki á nokkurn hátt gegn útflutningi á hveiti og áburði frá Rússlandi, en hafnbann Rússa við Svartahaf kemur hins vegar í veg fyrir að Úkraínnumenn geti flutt út hveiti.

Eina raunverulega lausnin á vandanum sem steðjar að alþjóðlegum orku- og matvælamörkuðum er að binda enda á stríðið, og það getur einungis orðið ef Rússar draga herlið sitt frá Úkraínu. Friðhelgi yfirráðasvæða og friðsamleg samskipti ríkja eru ekki bara vest-ræn eða evrópsk grunnildi heldur grundvöllur allra alþjóðalaga, sem Rússar virða nú að vettugi eins og ekkert sé.

Það eru ekki mörg ár síðan við höldum í einfaldni okkar að gagnkvæm efnahagstengsl myndu sjálfkrafa leiða til friðsamlegra alþjóðasamskipta, en raunin hefur reynt önnur. Því er brýnt að Evrópa taki sér stöðu sem eitt heimsveldanna. Við höfum brugðist við innrásinni í Úkraínu með því að láta verkin tala í auknum mæli og sýna þannig fram á að Evrópa geti svarað fyrir sig þegar henni er ögrað. Efnahagsþvinganirnar, sem eru þegar farnar að segja til sín og koma til með að hafa enn meiri áhrif á næstu mánuðum, eru þungamiðjan í þessum viðbrögðum okkar. ■

Þegar ekki náðist í umhverfisráðherra



Ole Anton Bieltvedt
samfélagsrýnir og
dýraverndarsinni

Í ágúst 2020 kom upp Covid-smít á Hótel Rangá, þar sem ráðherrar funduðu. Þurfti því að skima ráðherra, en ekki náðist í utanríkisráðherra, sem þá var, nú umhverfisráðherra, Guðlaug Þór Þórðarson, því hann var í frii á Austurlandi.

Í hvað fór frii ráðherra?

Í ljós kom að friið gekk út á það að veiða hreindýr, ráðherra til tómsfundagamána og skemmtunar. Varla voru brýnar þarfir til drápsins hjá ráðherra.

Líka kom fram að með í förum var aðstoðarmaður þáverandi félagsmálaráðherra. Virðist sá hálfgerður atvinnumaður í hreindýrdrápi, enda sýnir hann sig á Facebook með drepið dýr annars vegar og skotvopn allmikið hins vegar, glaðbeittur og skælbroandi. Viðhafði tilburði þeirra sem telja sig hetju.

Svipaða mynd má líka finna af ráðherra á netinu. Geislandi á svip og sperrtur vel yfir dauðu hreindýrinu.

Veidimenn mishittnir

Ekki hitta veiðimenn þó alltaf dýrið, en særa það aðeins, sennilega líka ráðherrar og aðstoðarmenn, til þess eins að það kveljist og þjáist, kannske vikur eða mánuð, e.t.v. kom skot í höfuð eða trýni og gerði dýrinu ókleift að éta, kannske lenti skot í fæti, þannig að dýrið varð að bjargast á þremur.

Af þeim hreindýrum sem felld voru sumarið 2018 höfðu 33 dýr verið skotin og limlest áður. Flott sport og tómsfundagaman það!

Gott innlegg fagræðs um dýravelferð

Í janúar 2020 héldu Matvælastofnun, Umhverfisstofnun, umhverfisráðuneytið og Náttúrustofa Austurlands fund, þar sem þau tilmæli fagræðs um velferð dýra lágu fyrir, að mylkar hreindýrakýr yrðu ekki felldar meir frá kálfum sínum.

Þar sem hreinkýr eru mjólkandi í minnst 5 mánuði og hreinkálfar fæðast um mánaðamótin maí/júní, hefði þessi stefnumörkun þýtt að kúaveiðar hefði ekki mátt hefja fyrir en 1. nóvember, þegar kálfar væru fimm mánaða, í stað 1. ágúst, þegar kálfar eru rétt tveggja mánaða.

Skammvinnt gleðiefni Ofangreind innlegg var okkur Jarðarvinum mikið gleðiefni, en við höfðum barist fyrir því árum saman að gríðatími hreinkálfa yrði lengdur, og einmitt lagt að fagræði að beita sér fyrir því.

Dráp á mæðrum átta vikna kálfa þýddi auðvitað það að skinninn standa rétt í fætturna, þegar mæðurnar eru dreppar frá þeim og að þeir eru mjólkurlausir, leidsagnarlausir og verndarlausir eftir það.

Stefna stjórnvalda um gríðatíma kálfa til 1. nóvember hefði verið mikið framfaraspör fyrir blessaða kálfana. Þeir hefðu haldið mæðrum sínum í minnst fimm mánuði, í stað tveggja. Á því hefði verið allur munur.

Aðkoma Guðmundar Inga Guðbrandssonar En hvað gerist?! Fylgdi þáverandi umhverfisráðherra, Guðmundur Ingi, sem kenndi sig við grænt, en reyndist fremur grár eða litlaus, nú varaformaður Vinstri grænna, þessari línu um lengdan gríðatíma!
Nei, aldeilis ekki. Í millitíðinni komu auðvitað veiðimenn, sem munu vera um 10.000 í þessu landi, þar af sækjast um 3-4.000 veiðimenn eftir gleðinni af því að fá að fella saklaus og varnarlaus hreindýrin, sér til gleði og skemmtunar,

að málinu og höfðu greinilega síðasta orðið.

Margir veiðimenn eru háttsettir í þjóðfélaginu, svokallaðir hvítflíbbar, efna- og áhrifamenn, enda kostar þessi drápskemmmtun mikla fjármuni, sem lægra settir ráða vart við, og var Guðmundur Ingi, sem vilda láta kalla sig Mumma, engin fyrirstaða fyrir vaska veiðimenn og Skotvís.

Úrskurður Mumma að hætti veiðimanna

Hreindýrakýr mátti áfram fella frá 1. ágúst (þegar yngstu hreinkálfar eru átta vikna), en í leiðinni beindi ráðherra þeim vinsamlegu tilmælum til veiðimanna og leiðsögumanna þeirra, að þeir dræpu mest geldar kúr fram til 15. ágúst.

Þetta var auðvitað helber sýndarmennska, skrípaleikur, því að geldar kúr eru ekki nema 10–15% af kúahópnum og nánast ómögulegt að greina þær frá hinum kúnum.

Þessi ljóti leikur, þetta dráp hreinnæðra frá ósjálfbjarga hreinkálfum þeirra, hélt því áfram, og gáfu aðilar málsins, Umhverfisstofnun, umhverfisráðherra, Náttúrustofa Austurlands og veiðimenn ekkert, núll, fyrir tilmæli fagræðs, sem þó er ætluð leiðsögn í dýravelferðarmálum skv. lögum. Skítt með fagræðið og lagasetningar.

Hvar gerir nýr ráðherra, Guðlaugur Þór?

Nú blasir sú stóra spurning við, hvað Guðlaugur Þór, veiðimaður, nýr ráðherra og ábyrgðarmaður villtra dýra í landinu, sá sem á að tryggja vernd þeirra og velferð, ætlar að gera!

Gengur hann sjálfur áfram til hreindýrdráps, kannske líka hreinkúa? Eða, sýnir hann á sér betri hlið, bæði í eigin málum og í sínum ráðherradómi?! Skyldi hann glugga á tilmæli fagræðs um dýravelferð af videigandi alvöru og ábyrgð? Nú skal Guðlaugur Þór Þórðarson og hans manndóm reyna. ■



SUMARÚTSALA
BETRA BAKS

ALLT AÐ **60%**
AFSLÁTTUR



20%
AF STILLAN-
LEGUM RÚMUM



20%
AF SÆNGUM
OG KODDUM



60%
AFSLÁTTUR

EXCLUSIVE TOPPER
Gæsadúnn. 90 x 200 cm.
Verð: 30.900 kr.
Nú 12.360 kr.
Einnig til í: 160x200 og 180 x 200 cm.

Verð og vörupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

VEFVERSLUN
www.betrabak.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566

Betra BAK



✚
Okkar ástkæra,
Telma Kjartansdóttir
Ljósalandi 20, Reykjavík,
lést á Landspítalanum í Fossvogi
laugardaginn 9. júlí.

Óskar Alfred Beck
María Ósk Beck
Kjartan Magnússon
Silja Kjartansdóttir
Hildur Petersen

Jakub Biegaj
Magnús Ingi Kjartansson
Gísli Óskarsson
Halldór Kolbeinsson



✚
Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir og amma,
Anna Kristjánsdóttir
áður til heimilis að Skildinganesi 8,
lést á hjartadeild Landspítalans 5. júlí.
Útförin fer fram í Fossvogskirkju
mánudaginn 18. júlí klukkan 13.00.

Katla Steinsson **Ársæll Þorsteinsson**
Hanna Lára Steinsson
Kristján Jóhann Steinsson
Andri Snær Ársælsson
Anna Sjöfn Ársælsdóttir
Haukur Þorsteinsson
Kristmann Þorsteinsson



✚
Okkar ástkæra móðir og tengdamóðir,
Anna María Benediktsdóttir
frá Sveinsstöðum í Dalasýslu,
síðast til heimilis að Hrafnistu
Hafnarfirði,
lést að morgni 1. júlí síðastliðins.
Útför hefur farið fram í kyrrþey að hennar ósk.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,

Sveinn Sigurjónsson **Kristín Hulda Kristbjörnsd.**
Ólöf Sigríður Sigurjónsd. **Guðmundur Þ. Jónasson**
Bára Sigurjónsdóttir **Benedikt Ketilbjarnarson**
Hólmfríður Alda Sigurjónsd. **Halldór Sigbór Harðarson**
Unnur Petra Sigurjónsdóttir **Sigurbjörn Björnsson**
Anna Lísa Sigurjónsdóttir **Hreiðar Már Sigurðsson**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
www.utfarin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og raðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



Mononoke prinsessa var dýrasta teiknimynd sem framleidd hafði verið í Japan.

Þetta gerðist 12. júlí 1997

Mononoke prinsessa frumsýnd

Í dag eru liðin 25 ár síðan japanska teiknimyndin Mononoke prinsessa eftir Hayao Miyazaki var frumsýnd. Myndin er sú tíunda úr smíðju myndversins Studio Ghibli og segir frá ungum prins sem dregst inn í átök milli guða og manna. Sagan er ævintýrleg ádeila á áhrif mannsins á umhverfið.

Mononoke prinsessa vakti mikla lukku í Japan og varð söluhæsta mynd ársins

1997 þar úti. Þá hlaut myndin mikið lof gagnrýnenda og vann til fjölda verðlauna, þar á meðal sem fyrsta teiknimyndin til að vinna verðlaun japönsku kvikmyndaakadémiunnar sem besta myndin. Myndin vakti einnig athygli á alþjóðavísu og jók áhuga á Studio Ghibli á Vesturlöndum. Mononoke prinsessa varð framlag Japans til Óskarsverðlaunanna sem besta erlenda kvikmynd sama ár en

myndin hlaut ekki tilnefningu. Fjórum árum síðar vann hins vegar myndin Spirited Away úr smíðju Studio Ghibli verðlaun sem besta erlenda kvikmyndin.

Þegar hún var gefin út var Mononoke prinsessa dýrasta japanska teiknimynd allra tíma. Miyazaki ætlaði sér að setjast í helgan stein eftir að myndin kom út en hann er enn að senda frá sér myndir í dag, 81 árs að aldri. ■



✚
Elskulegur eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og tengdasonur,
Árni Sigurbjörnsson
varðstjóri hjá Landhelgisgæslunni,
lést á Landspítalanum þann 9. júlí
síðastliðinn. Útförin verður auglýst síðar.

Andrea J. Ísólfsdóttir
Sigurbjörn Árnason **Erla B. Antonsdóttir**
J. Ingi Árnason
Kristjana H. Árnadóttir **Friðrik P. Ólafsson**
Margrét J. Árnadóttir **Steinar H. Ásgeirsson**
Hafðís E. Árnadóttir **Ingólfur H. Héðinsson**
Ísólfr P. Pálmarsson **Hrönn I. Hafliadóttir**
og barnabörn.



✚
Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir afi og langafi,
Halldór Karl Karlsson
Viðilundi 24, Akureyri,
lést 7. júlí.
Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju
fimmtudaginn 14. júlí kl. 13.00.
Þeim sem vilja minnst hans er bent á Oddfellowregluna.
Sérstakar þakkir til starfsfólks á Birkihlíð fyrir hlýja
og góða umönnun.

Guðmundur K. Halldórsson **Þórdís Þórisdóttir**
Karl Á. Halldórsson **Þórunn Jónsdóttir**
Þórhalla Halldórsdóttir **Svavar Tulinius**
Kristín G. Halldórsdóttir **Magnus Rönnlund**
afa- og langafabörn.



✚
Hjartans þakkir fyrir auðsýnda
samúð og hlýhug við andlát og
útför elskulegrar móður okkar,
tengdamóður, ömmu og langömmu,
Sigríður Friðsemðar
Sigurðardóttir

Sérstakar þakkir til starfsfólks
2. hæðar E á hjúkrunarheimilinu Sóltúni fyrir
einstaka umönnun og alúð.

Sigurbjörg Ágústsdóttir **Vilberg Ágústsson**
Sigbór Kristinn Ágústsson
Elin Ágústsdóttir **Hrafn Ingimundarson**
Steindór Rúnar Ágústsson
Jónína Ágústsdóttir **Logi Sigurfinnsson**
Halldór Jónas Ágústsson **Ingunn Gísladóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.



✚
Ástkær eiginkona, móðir,
tengdamóðir og amma,
Lilja Eidsdóttir

lést í Sviþjóð aðfaranótt 5. júlí sl.
Útför hennar verður gerð frá St. Olavs
kapellunni í Lundi þann 15. júlí nk. kl. 11.
Streymt verður frá athöfninni á:
kavlingebygravningsbyra.se/
dodsannonser/#Case/791409

Kristján Eliasson
Gottskálf Kristjánsson **Ragneiður Vignisdóttir**
Kristján Elmar, Auðunn Berg og Gabriela Von
Brynhildur Kristjánsdóttir **Skarphéðinn Jónas Karlsson**
Telma Dögg Björnsdóttir **Áspór Aron Þorgrímsson**
Eiður Ágúst Kristjánsson **Fjóla Guðbjörg Traustadóttir**
Lilja Eidsdóttir og Eiður Nói Eidsdóttir



✚
Okkar yndislega móðir,
tengdamamma,
amma og langamma,
Brynhildur J. Bjarnarson
Hjúkrunarheimilinu Mörk,
áður til heimilis að Klapparstig 5a,
Reykjavík,
lést að kvöldi 4. júlí á Landspítalanum í Fossvogi.
Útförin fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 12. júlí
kl. 13.00. Streymi frá athöfn er á www.sonik.is/brynhildur

Sturla Rafn Guðmundsson **Eyrún Ísfold Gísladóttir**
Ingibjörg Guðmundsdóttir **Bergþór Guðjónsson**
Elin Guðmundsdóttir **Páll Þormar**
Hafsteinn Guðmundsson **Soffía Káradóttir**
Jón Bjarni Guðmundsson **Brynhildur Ósk Pétursdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.



✚
Ástkær eiginmaður minn,
faðir og tengdafaðir,
Þórir Ólafsson
prófessor og fyrrv. rektor KHÍ,
lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð
mánudaginn 4. júlí.
Útförin fer fram frá Kópavogskirkju
þriðjudaginn 12. júlí klukkan 15.

Ingunn Valtýsdóttir
Kristín Þórisdóttir
Sigríður Þórisdóttir
Böðvar Þórisson **Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir**
Valtýr Þórisson

H&H

HEIMILI & HUGMYNDIR

T Í M A L A U S F E G U R Ð



ÁRMÚLI 26, 108 REYKJAVÍK, 108 REYKJAVÍK, S: 5784400
HEIMILIOGHUGMYNDIR@GMAIL.COM, HEIMILIOGHUGMYNDIR.IS

Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 **Fréttavaktin** Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 **Matur og heimili** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
- 19.30 **Útkall (e)** Útkall er sjónvarpsútgáfan af svinsælum og samnefndum bóka-flokki Óttars Sveinssonar.
- 20.00 **Eimskip (e)** Eimskip í nútímanum er umfjöllunar-efni tveggja þátta þar sem farið er m.a. í siglingu með Brúarfossi. Umsjón: Linda Blöndal og Börkur Gunnarsson.
- 20.30 **Fréttavaktin (e)**
- 21.00 **Matur og heimili (e)**

Sjónvarp Símans

- 12.30 **Dr. Phil**
- 13.15 **The Late Late Show**
- 14.00 **The Block**
- 14.00 **The Block**
- 15.00 **The Neighborhood**
- 15.25 **George Clarke's Old House, New Home**
- 16.30 **Spin City**
- 16.55 **The King of Queens**
- 17.15 **Everybody Loves Raymond**
- 17.40 **Dr. Phil**
- 18.25 **The Late Late Show**
- 19.10 **mixed-ish**
- 19.40 **Ghosts**
- 20.10 **Amazing Hotels. Life Beyond the Lobby**
- 21.05 **Bull**
- 21.55 **Evil**
- 22.40 **Love Island**
- 23.25 **The Late Late Show**
- 00.10 **FBÍ**
- 00.55 **The Rookie**
- 01.40 **Chicago Med**
- 02.25 **Rules of the Game**
- 03.25 **Love Island**
- 04.10 **Tónlist**

RÚV Sjónvarp

- 13.00 **Heimaleikfimi**
- 13.10 **Útsvar 2012-2013** Hveragerði - Akureyri.
- 14.10 **Íspjóðin með Ragnhildi Steinunni** Daniel Bjarnason.
- 14.35 **Lífsins lystisemdir**
- 15.05 **90 á stöðinni**
- 15.30 **EM stofan** Upphitun fyrir leik.
- 15.50 **Danmörk - Finnland** Bein útsending frá leik á EM kvenna í fótbolta.
- 17.50 **EM stofan** Uppgjör á leik.
- 18.10 **Sumarlandabrot**
- 18.15 **KrakkaRÚV**
- 18.16 **Hönnunarstirnir**
- 18.33 **Sögur - Stuttmyndir** Rit-smíðjan.
- 18.41 **Stundin rokkar**
- 18.49 **Sumarlestur**
- 18.50 **Lag dagsins** Við Reykjavíkurtjörn.
- 19.00 **Fréttir**
- 19.25 **Íþróttir**
- 19.30 **Veður**
- 19.40 **Sumarlandabrot**
- 19.45 **Lausafé Cash** Dönsk heimildapáttaröð um áhrif heimsfaraldurs af völdum Covid-19 á lífsviðurværi fólks víða um heim. Í þáttunum kynnumst við meðal annars nuddurum á ströndum Tailands sem skyndilega urðu mannláusar.
- 20.30 **Fiskilíf Fiskeliv**
- 21.05 **Leigjendur óskast Stath Lets Flats**
- 21.30 **Lífið heldur áfram Mum**
- 22.00 **Tíufréttir**
- 22.15 **Veður**
- 22.20 **Grafín leyndarmál Unforgotten**
- 23.10 **Ráðherrann**
- 00.05 **Dagskrárlok**

Stöð 2

- 07.55 **Heimsókn**
- 08.15 **The Mentalist**
- 09.00 **Bold and the Beautiful**
- 09.20 **Claws**
- 10.05 **The Great British Bake Off**
- 11.05 **Call Me Kat**
- 11.25 **Shark Tank**
- 12.05 **30 Rock**
- 12.30 **Nágrannar**
- 12.50 **Suits**
- 13.30 **Home Economics**
- 13.50 **The Masked Singer**
- 14.55 **The Greatest Dancer**
- 16.10 **Grey's Anatomy**
- 16.55 **The Good Doctor**
- 17.25 **Bold and the Beautiful**
- 18.00 **Nágrannar**
- 18.27 **Veður**
- 18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
- 18.45 **Sportpakinn**
- 18.55 **Jamie's Easy Meals for Every Day**
- 19.20 **Hell's Kitchen**
- 20.00 **Saved by the Bell**
- 20.30 **Last Man Standing**
- 20.55 **The Goldbergs**
- 21.15 **Better Call Saul**
- 22.00 **Æði**
- 22.25 **Coroner** Leynardómsfullir sakamálaþættir sem byggðir eru á vinsælum bókaflokki.
- 23.05 **Unforgettable**
- 23.45 **The Pact**
- 00.40 **The Mentalist**
- 01.25 **Claws**
- 02.10 **Call Me Kat**
- 02.30 **Shark Tank**
- 03.10 **Suits**
- 03.50 **Home Economics**

Sigt um höfin breið með Brúarfossi

Eimskip í nútímanum er heiti á tveggja þátta röð sem dagskrárgerðarfólk Hringbrautar hefur unnið en þar er starfsemi félagsins skoðuð og haldið í siglingu með einu helsta skipi flotans, Brúarfossi, um höfin breið. Það hefur jafnan leikið rósrauður bjarmi um líf og starfa farmanna hér á landi sem á árum áður voru víðförlustu landsmenn okkar sem margir, sem heima sátu, öfunduðu talsvert fyrir vikið. Það eru Linda Blöndal og Börkur Gunnarsson sem annast dagskrárgerð þáttanna. ■



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

- LÁRÉTT**
- 1 brömluðu
 - 5 burstapak
 - 6 átt
 - 8 skógarmaður
 - 10 átt
 - 11 nöldur
 - 12 virki
 - 13 hærra
 - 15 fýlurót
 - 17 févana

- LÓÐRÉTT**
- 1 surtarbrandur
 - 2 fugl
 - 3 ringulreið
 - 4 nýr
 - 7 endurbót
 - 9 dugur
 - 12 erta
 - 14 limaburður
 - 16 tveir eins

LÁRÉTT: 1 þrúta, 5 rís, 6 ný, 8 títagi, 10 na, 11 túb, 12 þorg, 13 ofar, 15 laukur, 17 snauð. LÓÐRÉTT: 1 brúnkól, 2 ríta, 3 usl, 4 ungrur, 7 víðgerð, 9 atorka, 12 þann, 14 fas, 16 un.

Sudoku

7	8		4			2		
				3	1		8	4
		5	6			7		
				1	4			
	7		6	2				5
4		9			7	1	6	
								1
5		7				9		
	2	6		5	3			

9						6		
				2				4
		4	7					
5	4					3		
		2	8	9			5	
7			2			8		
8			4	6	1	9		
	9		3				7	6
3								

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Haraldr, finnst þér hún vera sæt? Eh... já... jú... jújú!

Sætari en ég? Nei, nei, nei! Engin er sætari en þú, Selma!

Hún er fyrirsæta, Haraldr! Já... það er satt!

Myndirðu óska að þetta væri ég? Nei, nei! Ertu galin?

Ertu meira fyrir eldri, feitar konur? Eh, j...

Pegar hún byrjar svona er það eins og að aftengja sprengju með víra í öllum regnbogans litum! Og þú ert eins og venjulega 100% litblindur?

GOTT

í ferðalagið

FK FJARÐARKAUP

einstök verslun




Nýjar
íbúðir
til sölu

Austurhólar 6 – Selfoss

Við Austurhóla 6 á Selfossi er Stofnhús ehf. að reisa glæsilegt fjölbýlishús með 40 glæsilegum og vel skipulögðum íbúðum. Íbúðirnar eru tveggja til fjögurra herbergja og stærð þeirra er frá 55 til 110 m² með geymslu innan íbúðar. Með íbúðum á 1. hæð fylgir séreignarreitur (timburpallur) og rúmgóðar svalir fylgja íbúðum á 2. til 5. hæð.

- Allar íbúðir eru fullfrágengnar að innan með fallegum innréttingum.
- Kaupendum stendur til boða að uppfæra innréttingar og tæki.
- Á jarðhæð er hjóla- og vagnageymsla í sameignarrými.
- Möguleiki er að koma upp hleðslustöðvum fyrir rafmagnsbíla við bílastæði.
- Falleg náttúra er allt um kring og stutt er í ýmiss konar útivistarmöguleika.

Nánari upplýsingar á stofnhus.is



LANDMARK
FASTEIGNAMIDLUN



Þórarinn Thorarensen
Löggiltur fasteignasali
770 0309 | th@landmark.is

BORG
FASTEIGNASALA



Sigurður Fannar Guðmundsson
Löggiltur fasteignasali
897 5930 | siggifannar@fastborg.is



Stofnhús

Hlíðasmára 2 201 Kópavogi
stofnhus@stofnhus.is - stofnhus.is



KARE MUSTIQUE

Morgunverðarsett. 12 stk. í pk. 26.990 kr.

NÝTT



KARE DESIRE

Legubekkur, silfurlitað sléttflauel. L173 cm. 299.990 kr.



NORDAL KAPITI

Blómavasi. H23 cm. 8.990 kr.
H25 cm. 11.990 kr.

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.



**HÚSGAGNA
HÖLLIN**

www.husgagnahollin.is

Sími: 558 1100

FRÉTTIR, FÓLK &
MENNING
á Hringbraut



Edda segir heimsfaraldurinn hafa reynst sér einkar vel fyrir listsköpunina.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Sneri aftur sem listamaður eftir áratugalanga pásu

tsh@frettabladid.is

Edda Jónsdóttir sýnir einkasýninguna Teikningar í Hverfisgalleríi. Hún stofnaði ið gallerí en sneri svo aftur í listheiminn sem listamaður eftir áratugalanga pásu.

Myndlistarmaðurinn og galleristinn Edda Jónsdóttir opnaði sýninguna Teikningar í Hverfisgalleríi á dögunum. Sýningin samanstendur af 28 vatnslita- og blýantsverkum sem Edda vann á undanförunum tveimur árum í Reykjavík auk bókverks með ljósmyndum af verkunum sem gefið er út samhliða.

„Þegar Covid byrjaði var ég nýbúin að vera með sýningu í Ásmundarsal og ég byrjaði að vinna dálítið rybmískt eftir það til að halda mér lifandi. Ég komst á eitthvert skeið þar sem mér fannst áreynslulítið að vinna en ofsalega gott. Ég fór alltaf á svipuðum tíma niður á Snorrabraut þar sem ég var með vinnustofu og þetta gekk svona í eitt og hálf ár, alveg taktfast. Þá var ég komin með svo mikinn bunka af pappír og hugsaði, það er svolítið skrytið að halda áfram að vinna svona bara fyrir mig og sjá það ekki uppsett,“ segir Edda.


Hún segist þá hafa leitað til Sigríðar L. Gunnarsdóttur, framkvæmdastjóra Hverfisgalleríis, sem hafi listit vel á verkin og þær hafi því komið sér saman um að sýna þau í galleríinu.

Leið mjög vel í Covid

Margir listamenn hafa talað um að einangrunin í Covid hafi reynst þeim vel fyrir listsköpun. Var það svo hjá þér?

„Já, mér leið bara mjög vel á þessu tímabili. Það var reglufesta og það var ekkert svo margt annað að trufla mann. Yfirleitt er ég mjög dugleg að skoða annarra manna sýningar og þvælast út um bæ, hitta ungt fólk í hádeginu og gera ýmislegt. En þarna var hvíld frá öllu nema þessu og mér leið bara mjög vel, verð ég að segja.“

Teikningar Eddu eru látlausar og yfirvegaðar vatnslita- og blýantsmyndir. Þær eru málaðar í alls kyns litum á hvítan pappír og minna á nokkurs konar hnita- eða gatnakerfi. Edda segir myndirnar ekki hafa verið hugsaðar sem seria upphaflega. „Þær kannski leyndu á sér, þær



Teikningar Eddu eru óhlutbundnar en í þeim gætir þó áhrifa borgarlandslags.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Ég komst á eitthvert skeið þar sem mér fannst áreynslulítið að vinna en ofsalega gott. Ég fór alltaf á svipuðum tíma niður á Snorrabraut þar sem ég var með vinnustofu og þetta gekk svona í eitt og hálf ár.

ist ekki þá er einhver svona borgartaktur í þeim, án þess að ég viti hvort aðrir sjái það eða ekki.“

Vildi ekki trana sér fram

Edda er lærður myndlistarmaður og starfaði sem slíkur frá 1975-1995. Hún er auk þess stofnandi ið galleríis og stýrði því frá 1995-2007 þegar sonur hennar, Börkur Arnarson, tók við af henni.

„Ég vildi ekki trana mér fram þegar ég var að reka gallerí þannig að ég vann bara alfarið í skissubækur. Hélt mér við þannig í öll þessi ár,“ segir hún.

Spurð um hvort það séu ekki ákveðin viðbrögð að snúa sér aftur að listsköpun eftir áratugalanga pásu segir Edda að það hafi verið erfitt en nauðsynlegt.

„Maður verður kannski svolítið feiminn með sína eigin myndlist þegar maður er búinn að vera bæði mjög kritískur og að reka gallerí. En þetta náttúrliga hefur alltaf verið í mér og ég finn að þetta er bara lífið. Ég verð að gera þetta.“

Edda hefur haldið tvær aðrar sýningar á undanförunum árum, í Ásmundarsal og á Mokka kaffi. Spurð um hvað sé næst á döfinni hjá henni segist hún vera byrjuð að sauma verk í pappír.

„Ég veit ekkert hvert það leiðir mig, hvort ég held því áfram, en allavega þá mun ég halda áfram að vinna alveg eins og ég get, ég bara elska það.“ ■

öskra ekki. Ég gerði náttúrliga stærrí og mismunandi myndir en minn frábæri sýningarstjóri, Hildigunnur Birgisdóttir, sá alfarið um að velja og setja upp. Ef það er gott þá er það henni að þakka. Ég var ekkert með puttana í þessu,“ segir Edda og bætir við að hún vilji einnig þakka Ásmundi Hrafni Sturlusyni arkitekt fyrir veitta aðstoð.

Þótt verkin séu óhlutbundin má sjá í þeim óljós áhrif frá borgarlandslagi, að sögn Eddu.

„Ég flutti úr húsi upp á efstu hæð í blokk og sýn mín hefur svolítið breyst við það. Þó það kannski sjá-

ÚTI FLÍSAR

FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

MIKIÐ
ÚRVAL
Á LAGER

VIÐHALDSFRÍAR - AUÐVELT AÐ LEGGJA - ENDINGARGÓÐAR



ALFABORG

- allt a gólfíð -

Skútvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

RIF

RESTAURANT

3

ÁRA

Við fögnum 3 ára afmæli núna í júlí!



Á síðustu 3 árum höfum við tekið á móti

360.000

gestum, sem er næstum því allt Ísland!



/rifrestaurant
 /rifrestaurant



2.HÆÐ - FJÖRÐUR VERSLUNARMIDSTÖÐ | rif.is



Ensku leikararnir Dominic Cooper og Gemma Chan fylgdust áhugasöm með mótinu. Párið tók saman árið 2018 og býr saman í London.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

Sláttur á elítunni í London

Fyrirmenni og frægðarfólk lét sig ekki vanta á áhorfendapallana á Wimbledon-mótinu í London í vikunni sem leið.

ninarichter@frettabladid.is

Wimbledon-mótinu í tennis lauk um helgina með sigri Serbans Novak Djokovic, sem vann mótið í sjöunda skipti á ferlinum. Elena Rybakina frá Kasakstan vann kvennamótið deginum áður. Wimbledon er eitt affjöllum Grand slam-tennismótunum, ásamt Áströlsku, Frönsku og Bandarísku opnu mótunum, en Wimbledon-mótið er einstakt að því leyti að það fer fram á grasvelli.


Hér er um að ræða eitt frægasta íþróttamót heims en á sama tíma er mótið sannkallaður yfirstéttarviðburður, enda eru meðlimir bresku konungsfjölskyldunnar fastgestir. Hefðir Wimbledon fela í sér alhvítan klæðaburð fyrir keppendur. Það er einnig hefð að borða jarðarber og rjóma á mótinu.

Ólíkt því sem gerist á öðrum mótum eru auglýsingar í lágmarki. Þær auglýsingar sem sjást eru gjarnan lágstemmdar og frá lúxusfyrirtækjum á borð við Rolex.

Wimbledon-mótið fer fram í Wimbledon-þorpinu svokallaða, sem er stórt úthverfi í suðvesturhluta London. Wimbledon-mótið fór fyrst fram árið 1877 í Ensku krikket- og tennis-klúbbnum, eins og hann kallaðist í þá daga. ■



Nýlega einhleypur Tom Cruise fagnaði sextugsafmælinu í síðustu viku.



Melinda Gates mætti á mótið í sínu finasta þússi.



Sir Cliff Richard lét sig ekki vanta á mótinu.



Enska Bridgeton-stjarnan, leikarinn Regé-Jean Page, ásamt kærustunni, Emily Brown, sem starfar í auglýsingabransanum.



Hollywood-stjörnuna Kate Winslet má sjá fyrir miðri mynd. Árið 2012 hlaut Winslet heiðursorðu bresku krúnunnar fyrir leiklist.



Leikarapárið Rami Malek og Lucy Boynton kynntist við tókur á kvikmyndinni Bohemian Rhapsody.

Símabann og vonir um viskíframa

ninarichter@frettabladid.is

Bob Dylan varð áttæður í fyrra og heldur ótraudur áfram, með sextíu ára feril að baki. Tónleikaferð vegna nýjustu plötunnar, *Rough and Rowdy Ways*, stendur nú yfir og hefur söngvarinn ferðast um Bandaríkin þver og endilöng síðan í nóvember í fyrra. Síðasti leggur ferðarinnar er Evróputúr sem hefst í september. Dylan hefur leika í Osló, fer þá næst til Stokkhólms og síðan til Kaupmannahafnar. París og Brussel eru næst á listanum og þá lýkur 11 mánaða tónleikaferðinni í Amsterdam þann 17. október.

Athygli vekur að símabann er á öllum tónleikumunum og er tónleikagestum gert að skila sínum í öryggistösku. Því geta þeir ekki notað tækin meðan á sýningu stendur.

Símabannið er ekki nýtt fyrirbæri hjá stjórnum en Dylan rataði í frétt-



Dylan í New York árið 2019.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

irnar eftir tónleika í Austurríki í apríl 2019, þegar hann stöðvaði tónleika í miðju lagi til að ræða við áhorfendur sem höfðu reynt að ná af honum myndum þrátt fyrir bannið.

„Við getum annaðhvort spilað eða stillt okkur upp,“ sagði hann þrátt fyrir við áhorfendur áður en hann söng eitt lag í viðbót og gekk svo af sviðinu.


Hljómsveitin lauk þá kvöldinu

snemma með ósönginni útgáfu af „Just like Tom Thumb's Blues.“

Árið 2010 birti *The Wall Street Journal* grein þar sem höfundur lýsti því hvernig Dylan brosti aldrei á tónleikasviði og talaði aldrei beint við áhorfendur. Hann hvorki dansaði né ferðaðist um á sviðinu, en þrátt fyrir það kynni hann svo sannarlega að setja á fót stórkostlega sýningu, á eigin forsendum. Dylan hefur einnig verið gagnrýndur fyrir frjálslugar endurútsendingar á tónleikum þar sem lögin verða næsta óþekktanleg.

Tónlistarmaðurinn hefur vaðið fyrir neðan sig ef bransinn skyldi bregðast honum og setur ekki öll egginn í eina kórffu. Fyrir nokkrum árum sneri hann sér að viskíbransanum. Hann framleiddi í dag nokkrar viskítegundir undir merkjum Heaven's Door í Tennessee. Miðstöð vörumerkisins er í 160 ára gamalli kirkju í miðbæ Nashville. ■

AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðmundur Örn Jóhannsson guðmundur@torg.is, ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Andrés Bertelsen andres@frettabladid.is, Auður Hünfjörð audur@frettabladid.is, Reynir Elís Þorvaldsson reynir@frettabladid.is, Örn Geirsson orn@frettabladid.is, FÖLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078: Arnar Magnússon arnarm@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is, FÖLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elin Albertsdóttir elin@frettabladid.is, RADAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason hrrannar@frettabladid.is, TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@frettabladid.is



ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

Í DAG ER ÞRIÐJUDAGUR

MIDSTÆRÐ AF PIZZU MEÐ ÞREMUR
ÁLEGGSTEGUNDUM Á 1.100 KR. EF ÞÚ SÆKIR

DOMINOS.IS | DOMINO'S APP | 58 12345



Bakþankar



Kristbjargar
Þórisdóttir

Frelsið

Eitt það besta við lífið er ástin. Við eigum öll sama rétt á því að njóta ástar. Kona sem ég kynntist einu sinni á lífsleiðinni kenndi mér að það geta ekki allir verið eins. Þannig er því farið með ástina. Hún breiðir sig yfir allt lítrófið og mestu máli skiptir að við fáum að vera nákvæmlega sá eða sú sem við erum, eða eins og Páll Óskar syngur um, „ég er eins og ég er, hvernig á ég að vera eitthvað annað?“

Það sló mig eins og marga aðra landsmenn þegar ég heyrði af því að ungir menn á þri-tugsaldri hefðu veist að tveimur mönnum sem voru að fagna brúðkaupsafmæli sínu, gælt á þá og látið niðurlægjandi orð falla. Slík hegðun er ekki einsdæmi og því miður eru fleiri hinsegin einstaklingar að verða fyrir sambærilegri ofbeldishegðun. Hvað er til ráða til að bæta þessa ómenningu? Samtökin '78 bjóða fræðslu sem skiptir máli. Einnig þarf að láta gerendur axla ábyrgð á sínu ofbeldi.

Viðar er pottur brotinn varðandi frelsið. Á hvaða leið eru samfélög þegar tíu ára stúlku sem komin er sex vikur á leið eftir nauðgun er neitað um þungunarrof í Ohio-ríki í landi frelsisins? Það er þyngra en tárur taki að konur hafi nýlega misst stjórnarskrárvarinn rétt til að ráða yfir eigin líkama í landi þar sem of mikið frelsi til byssueignar veldur því að saklaust fólk deyr ítrekað í skotárásum.

Líf okkar er smásaga og við fáum aðeins eitt eintak. Tryggjum að saga allra endurspegli frelsi og hamingju. ■

STILLANLEG HJÓNARÚM MEÐ BODYPRINT DÝNU



GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ



ÚRVAL AF
VÖNDUÐUM
HEILSURÚMUM



EITT MESTA
ÚRVAL AF
HEILSUDÝNUM
Á LANDINU



VANDADAR
SÆNGUR OG
KODDAR Í
ÚRVALI




PANDORA
STILLANLEGUR
HÆGINDASTÓLL



WWW.SVEFN OG HEILSA.IS

VERSLANIR:

ENGJATEIGI 17-19,
REYKJAVÍK
S: 581 2233



BALDURSNESI 6,
AKUREYRI
S: 461 1150



OPID:

VIRKA DAGA.....KL. 10:00 - 18:00
LAUGARDAGA.....KL. 12:00 - 16:00

UMBOÐSAÐILAR:

HÚSGAGNAVAL, HÖFN Í HF.
BARA SNILLD, EGILSSTAÐIR